



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

29. ÁRG. 4. TBL. Júní 2008



Seljakirkja í vetrarbúningi

**Takið eftir!  
Guðspjónustur í  
Seljakirkju um jól  
og áramót eru  
á baksíðu**

## Gleði á heilögum jólum!

Á þessum árstíma er fast orðatiltæki að óska öðrum gleðilegra jóla. Sú kveðja er alls staðar yfir höfð, enda mikils um vert. Jólin eiga að vera gleðileg. Mætti það alls staðar takast. Í kirkjunni okkar er margt gert til þess að svo megi verða. Þar vitum við að góð jól eru bundin því tilefni sem jólin voru sett til, að fagna Jesú Kristi frelsara heimsins. Sé því gleymt vantar það sem skiptir máli. Þess vegna er komið saman í kirkjunni,

lesin frásögnin um hin sönnu jól, sungið um það og þakkað fyrir það. Það eru jól, heilög jól. Láttu þennan sanna þátt jólanna ekki fara fram hjá þér. Haltu heilög jól. Þau eru gleðileg. Sjáumst í Seljakirkju á jólunum og verum glöð á heilögum jólum.

Valgeir Ástráðsson



## Friðarljós frá Betlehem

### - tendrað á altari Seljakirkju

Eins og undanfarin ár logar friðarljósið á altari kirkjunnar okkar. Það var sótt til fæðingarkirkjunnar í Betlehem og er varðveitt milli hátíða. Til okkar kemur það og til margra kirkna fyrir tilstilli skáta, sem hafa tekið það sérstaklega að sér. Það á vel við, ekki síst eins og aðstæður eru í heimi og í þjóðfélagi, að hafa í kirkjunni okkar áminningu um það sem æðra er. Engillinn á Betlehemsvöllum boðaði frið á jörðu, sem veitast mundi öllu fólki. Þegar við komum til kirkjunnar okkar á heilagri hátíð skulum við taka eftir ljósinu litla á altarinu, tákni þess friðar, sem Guð einn getur gefið, því sem veitist þegar við biðjum til frelsara heimsins, Jesú Krists.



## Hvenær hefst starfið eftir áramót?

Starf hinna ýmsu deilda fellur í fastan farveg fljótt á nýju ári. **Barnaguðsþjónustur** hefjast sunnudaginn 11. janúar kl. 11. Fyrsti **mömmumorgun** verður þriðjudaginn 6. janúar kl. 10. **KFUK** starfið byrjar mánudaginn 12. janúar kl. 17.30. **KFUM** starfið byrjar fimmtudaginn 15. janúar kl. 17.30. **Yngri deild barnakórsins** verður með fyrstu æfingu nýs árs þriðjudaginn 6. janúar og **eldri kórinn** byrjar 8. janúar. **Yngri deild æskulýðsfélagsins Sela** byrjar sína reglulegu starfsemi þriðjudaginn 13. janúar og **eldri deildin** verður með sinn fyrsta fund mánudaginn 12. janúar. **Fermingarfræðslan** byrjar 6. og 7. janúar samkvæmt stundaskrá. Fyrsti **bíbliulestur** vorannarinnar verður miðvikudaginn 14. janúar. Áfram verður fjallað um bænina Faðir vor. Fyrsta **samvera eldri borgara** á nýju ári verður þriðjudaginn 27. janúar.



## Meningarsamverur eldri borgara

Meningarsamverurnar, sem við nefnum með réttu svo, eru síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann. Þær hefjast í kirkjunni kl. 18 með helgistund. Fyrirlestrar eru um hin ýmsu efni til skemmtunar og fróðleiks. Þá er flutt vönduð tónlist. Að lokinni dagskrá í kirkjunni er gengið til safnaðarsalar, þar sem sest er að málsverði og spjallað saman. Vegna matarins þarf að tilkynna þátttöku í síma kirkjunnar. Þessara stunda njóta margir vel. Þangað er gott að koma, fræðast og hitta aðra. Fyrsta samvera á nýja árinu verður **þriðjudaginn 27. janúar**. Þá verður ræðumaður kvöldsins Árni Johnsen, alþingismaður. Tónlist verður í höndum góðra söngkvenna í söngtríóinu „Kolkur“. **Þriðjudaginn 24. febrúar** verður ræðumaður kvöldsins Jón Unnar Jóhannsson, en tónlist flytur Húnakórinn í Reykjavík, með stjórnanda sínum Jóni Bjarnasyni.



# Jólaguðspjallið

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjardar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: "Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu."



Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum”.

Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: "Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og Drottinn hefur kunngjört okkur." Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það. Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

*Lúkasarguðspjall, 2. kafli.*

# Guðsþjónustur um jól og áramót í Seljakirkju

## 24. desember aðfangadagur jóla

kl. 18 Aftansöngur  
Sr. Bolli Pétur Bollason prédikar  
Blandaður kór syngur  
Emilía Rós Sigfúsdóttir og Dagný Marínósdóttir  
leika jólatónlist á þverflautur frá kl. 17:30

kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
Elín Ósk Óskarsdóttir og Kjartan Ólafsson syngja  
Strengjakvartett leikur jólatónlist frá kl. 23:00.  
Hlín Erlendsdóttir, Kristín Björg Ragnarsdóttir,  
Laufey Pétursdóttir og Helga Björg Ágústsdóttir

## 25. desember jóladagur

kl. 14 Guðsþjónusta  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur

## 26. desember annar jóladagur

kl. 14 Guðsþjónusta  
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
kl. 16 Guðsþjónusta í Skógarbæ  
Sr. Bolli Pétur Bollason prédikar

## 28. desember sunnudagur milli jóla og nýárs

kl. 14 Guðsþjónusta  
Félagar úr AA deildum í Seljakirkju taka þátt í  
guðsþjónustunni  
Ræðumaður: Jóhannes Baldur Guðmundsson

## 31. desember gamlársgdagur

kl. 18 Aftansöngur  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
Einsöng syngur Bjarni Thor Kristinsson

## 1. janúar nýársdagur

kl. 14 Guðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Bolli Pétur Bollason prédikar  
Örnólfur Kristjánsson leikur á knéfiðlu  
Kirkjukórinn syngur

Kl. 16. Guðsþjónusta í Skógarbæ  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

## 4. janúar sunnud. milli nýárs og þrettánda

kl. 11 Guðsþjónusta  
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Kirkjukórinn syngur  
Guðsþjónustunni verður útvarpað á Rás 1

Organisti við guðsþjónusturnar er Jón Bjarnason.

Í dag er glatt í döprum hjörtum,  
því Drottins ljóma jól.  
Í niðamykrum nætursvörtum  
upp náðar rennur sól.  
Er vetrar geisar stormur stríður,  
þá stendur hjá oss friðarengill blíður,  
og þegar ljósið dagsins dvín,  
:: oss Drottins birta kringum skín. ::

Oss öllum mikinn fögnuð flytur  
sá friðarengill skær:  
Sá Guð, er hæst á himni situr,  
er hér á jörð oss nær.  
Sá Guð, er ræður himni háum,  
hann hvílir nú í dýrastalli lágum,  
sá Guð, er öll á himins hnoss,  
:: varð hold á jörð og býr með oss. ::

Guðs lýður, vertu' ei lengur hræddur  
og lát af harmi' og sorg.  
Í dag er Kristur Drottinn fæddur  
í Davíðs helgu borg.  
Hann fjötrum reifa fast er vafinn,  
í frelsi bama Guðs svo þú sért hafinn.  
Hann þína tötra tók á sig,  
:: að tign Guðs dýrðar skryði þig. ::

Á himni næturljósinn ljóma  
svo ljúft og stillt og rótt,  
og unaðsraddir engla hljóma  
þar uppi' um helga nótt.  
Ó, hvað mun dýrðin himins þýða,  
og hvað mun syngja englaraustin blíða?  
Um dýrð Guðs föður, frið á jörð  
:: og föðurást á barnahjörð. ::

Ó, dýrð sé þér í hæstum hæðum,  
er hingað komst á jörð.  
Á meðan lifir líf í æðum,  
þig lofar öll þín hjörð.  
Á meðan tungan má sig hræra,  
á meðan hjartað nokkuð kann sig bæra,  
hvert andartak, hvert æðarslag  
:: Guðs engla syngi dýrðarlag. ::

Valdimar Briem - Sálmaþók, nr. 78.



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
29. árg. 4. tbl. Jól 2008

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.